

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

902. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 11. apríl 2016 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Elín Jóna Rósinberg aðalmaður, Sigurbjörg Jóhannesdóttir varamaður og Ingimar Sigurðsson varamaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir.

Afgreiðslur:

1. **1512001 Bréf frá forsætisráðuneytinu** vegna kæru Skotvís á hendur Húnaþingi vestra. Fram kemur að gagnaöflun er lokið og að úrskurður sé væntanlegur. Lagt fram til kynningar.
2. **1604009 Bréf frá ungmennaráði** þar sem óskað er eftir heimild til að nýta kr. 36.000 af því fjármagni sem ungmennaráð hefur til afnota skv. fjárhagsáætlun 2016 til að borga ráðstefnugjöld fulltrúa Húnaþings vestra á ráðstefnuna „Ungt fólk og lýðræði“ sem haldin var á Selfossi dagana 16. – 18. mars sl. Byggðarráð samþykkir erindið.
3. **1604011 Hitaveituframkvæmdir 2016 og 2017, vinnuútböð**
Lögð fram fundargerð frá opnun tilboða í verkið „Húnaþing vestra – hitaveita 2016-2017, vinnuútböð“.
Tvö tilboð bárust:

Vinnuvélar Símonar ehf. Sauðárkróki	kr. 228.285.400
Íslandsgámar ehf. Akranesi	kr. 379.507.628
Kostnaðaráætlun	kr. 220.554.000

Byggðarráð samþykkir að ganga að lægra tilboðinu, sem er frá Vinnuvélum Símonar ehf. og felur sveitarstjóra að undirrita samninga um verkið.
4. **1604033 Fundargerð 383. fundar Hafnarsambands Íslands dags. 1. apríl sl.** Lagt fram til kynningar.
5. **Lagt fram erindi frá Sýslumanninum á Norðurlandi vestra.**
 - a) **1604025** Umsögn vegna leyfis skv. lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Rúnar Bragason sækir um leyfi til að reka gististað í flokki II að Neðra- Vatnshorni í Húnaþingi vestra. Sveitarstjóra falið að svara erindinu í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra.

Samþykkt að taka á dagskrá:

6. **1604012 Bréf frá Ferðamálastofu** þar sem tilkynnt er um samþykkt styrkumsóknar vegna skipulags og hönnunar við Kolugljúfur í Víðidal kr. 2.800.000
7. **1604028 Bréf frá Ferðamálastofu** þar sem tilkynnt er um synjun styrkumsóknar vegna lagfæringa og merkinga útskota á Vatnsnesvegi
8. **Gjaldskrá frístundastarfs sumarið 2016**
Byggðarráð samþykkir að hækka gjaldskrá frá fyrra ári um 4,5% í samræmi við hækkun annarra gjaldskráa.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 14:11

Elín Jóna Rósinberg

Sigurbjörg Jóhannesdóttir

Ingimar Sigurðsson

Guðný Hrund Karlsdóttir